

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar
Sigríður Kristjánsdóttir
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi
605 Akureyri

Reykjavík, 9. maí 2023
UST202305-050/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 og nýtt deiliskipulag- Ölduhverfi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Eyjafjarðarsveitar er barst 4. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018 og nýju deiliskipulagi fyrir Ölduhverfi í Hrafnagili

Í erindinu kemur fram að breytingin gengur út á að byggingarheimildir á íbúðarsvæði ÍB8 í Ölduhverfi eru auknar úr 80-100 íbúðum í 213 íbúðir. Auk þess eru settir fram skilmálar um íbúðargerðir, yfirbragð byggðar og áfangaskiptingu uppbyggingar á svæðinu. Í deiliskipulagstillögunni eru skilgreindar lóðir fyrir alls 23 fjölbýlishús, 15 raðhús og 8 einbýlishús. Lóðirnar skiptast upp í fjóra framkvæmdaráfanga upp á 50-60 íbúðir. Deiliskipulagstillagan gerir einnig grein fyrir vegtengingu íbúðarsvæðisins við götu- og stígakerfi Hrafnagilshverfis og staðsetningu hreinsivirkis fráveitu.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofnagreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur